

Heimildavinna og heimildaskráning

Í leiðbeiningunum hér að neðan er stuðst við *Handbók um ritun og frágang*

eftir Ingibjörgu Axelsdóttur og Þórunni Blöndal ●

Heimildavinna og heimildaskráning

- Þegar vitnað er í það sem aðrir hafa sagt eða skrifað kallast það tilvitnun.
- Mikilvægt er að hafa eftirfarandi atriði í huga.
- Það verður að sjást greinilega hvað vitnað er í og það verður að fylgja þeim reglum sem gilda almennt um hvernig á að vísa til þeirra heimilda.
- Einnig þarf að ákveða hvernig vísað er í heimildina.
- Höfundur. Ártal:Blaðsíðutal

Bein tilvitnun

- Þegar „stuttur“ texti er tekinn orðrétt upp úr heimild.
- Textinn verður þá að vera nákvæmlega eins og í heimildinni og aðgreindur frá öðrum texta með breyttu línubili og inndreginn eða skáletrun.
- Ef stafsetningavilla er í frumtexta verður hún líka að vera í tilvitnun.
- Geta þarf höfundar, útgáfuárs og blaðsíðutals.

Óbein tilvitnun

- Þegar efni er dregið saman úr bók, riti eða vef og sagt frá í orðum höfundar ritgerðar.
- Sagt er frá efni annarsstaðar frá/vitnað í það máli sínu til stuðnings.
- Það getur verið efni af einni blaðsíðu og allt upp í heilan kafla.
- Þá er blaðsíðna getið s.s 5-15
- Þegar um óbeina heimild er að ræða er skamstöfunin sbr. notuð (samanber>>> sá sem þú vitnar í)
- Sbr. Höfundur. Ártal: Blaðsíðutal.

Tilvitnun í heimildir og heimildaskrá

- Heimildaskráningin er svo í heimildaskrá aftast eftir öllum kúnstarinnar reglum sem verður farið í hér á eftir.
- Höfundum er raðað í stafrófsröð
- Ef fleiri en eitt rit eftir sama höfund>>> þá eftir ártölum.

Tilvísun

- Oftast er valið milli þess að setja tilvitnun a) inni í texta eða b) neðanmáls.
- **a) inni í texta:**
- „Umfjöllunarefnin eru eðlilega mörg af sama toga og áður ...“ (Helgi Guðmundsson 1998:187).
- **b) neðanmáls:**
- „Umfjöllunarefnin eru eðlilega mörg af sama toga og áður“¹.
- og neðanmálgreinar í númeraröð líta þá svona út:
- ¹ Helgi Guðmundsson 1998:187.

- Sama gildir ef um óbeinar tilvitnanir er að ræða þar sem endursagður er kafli eða brot úr heimild.
- Þá er ekki þörf fyrir gæsalappir en vísa þarf í verkið engu að síður.
- Á eftir endursögn eða umfjöllun kæmi svo sbr. eða sjá á undan tilvísun í viðkomandi heimild:
- (sbr. Helgi Guðmundsson 1998:187).

Dæmi um skráningu heimilda

- Almennt gildir:: Höfundur. Útgáfuár. *Bókartitill*. Útgáfa. Forlag, Útgáfustaður.
- Bækur eftir einn höfund:
 - Gísli Skúlason. 2000. *Hagnýt skrif*. Mál og menning, Reykjavík
- Bækur eftir 2 höfunda:
 - Ingibjörg Axelsdóttir og Þórunn Blöndal. 2006. *Handbók um ritun og frágang*.9. útg. Mál og menning, Reykjavík.
- Bækur eftir fleiri en 2 höfunda:
 - *Fornir tímar. Spor mannsins frá Laetoli til Reykjavíkur* 4.000.000 f. Kr. til 1800 e. Kr. 2003. Gunnar Karlsson o.fl. Mál og menning, Reykjavík.

Erlendir höfundar

- Salinger, J.D. 1994. *The catcher in the rye*. Penguin, London.
- Glassman, William og Marilyn Hadad. 2004. *Approaches to psychology*. 4. útg. Open University Press, Maidenhead.
- *Pure mathematics*. 2000. Andy Martin o.fl. Stanley Thornes, Cheltenham.

Höfundar ekki getið

- *Biblían. Heilög ritning. Gamla testamentið og Nýja testamentið.* 1981. Hið íslenska Biblíufélag, Reykjavík.
- *Sálfræðibókin.* 1993. Ritstj. Hörður Þorgilsson og Jakob Smári. Mál og menning, Reykjavík.
- *Íslenska alfræðiorðabókin A-G.* 1990. „Franz Ferdinand“, bls. 450. Ritstj. Dóra Hafsteinsdóttir og Sigríður Harðardóttir. Örn og Örlygur, [Reykjavík].
- *Íslensk orðabók.* 2007. Ritstj. Mörður Árnason. 4. útg. Edda, Reykjavík.

Ritröð

- Þá er átt við t.d. þegar margar bækur koma hver á eftir annari frá sama útgefanda og oft tengdu efni s.s. Saga mannkyns.
- Bruun, Patrick. 1989. *Asía og Evrópa mætast. 200 f. Kr. - 500 e. Kr.* Saga mannkyns. Ritröð AB, 3. bindi. Almenna bókafélagið, Reykjavík.

Ritsafn

- Oft smásagnasöfn eða ritgerðasöfn
- Ásta Sigurðardóttir. 1983. „Sunnudagskvöld til mánudagsmorguns.“ *Íslenskar smásögur 1847-1974*, bls. 51-66. Ritstj. Kristján Karlsson. Almenna bókafélagið, Reykjavík.

Upplýsingar vantar

- Ef upplýsingar vantar er notaður hornklofi [] til að gefa það til kynna.
- Garðar Gíslason, Hannes Í. Ólafsson og Jón Ingi Sigurbjörnsson. [Án árs]. *Könnun á högum og viðhorfum meðal nemenda í fimm framhaldsskólum mars 2001*. [Án útgefanda, án útgáfustaðar].

Dagblöð og tímarit

- Dæmi um uppsetningu dagblaðsgreinar:
- Höfundur. Útgáfuár. „Titill greinar“. *Titill dagblaðs, dagsetning.*
 - Sveinn Sigurðsson. 2005 . „Litlausri kosningabaráttu að ljúka í Danmörku.“ *Morgunblaðið*, 5. febrúar.
- Höfundar ekki getið.
 - Munntóbaksnotkun mismikið útbreidd meðal íþróttamanna.“ 2005. *Morgunblaðið*, 5. febrúar.

Viðtöl

- Þorvaldur Þorsteinsson. 2004. „Eins og æviferill. Sögu Blíðfinns er lokið með Blíðfinni og svörtu teningunum.“ [Viðtal]. *Fréttablaðið*, 18. desember.

Netið

- Alltaf skal leita eftir síðum og greinum þar sem höfundar eða ábyrgðarmanns er getið
- Forðast skal að nota heimildir þar sem höfundar er ekki getið
- Nær undantekningarlaust er hægt að finna aðra heimild með sömu upplýsingum þar sem ábyrgðarmanns er getið.
- Annars gildir um netheimildir sama og ritaðar.
- Höfundur. Útgáfuár. „Titill greinar/vefsíðu.“ Sótt dagsetning af <http://...>
- María Bjarkadóttir. 2004. „Konan, listin og listin að vera kona. Umfjöllun um verk Kristínar Marju Baldursdóttur.“ Bókmenntavefurinn. Sótt 19. júní 2008 af http://www.bokmenntir.is/hofundur.asp?cat_id=441&module_id=210&element_id=591&author_id=56&lang=1

Hljóð og myndefni

- **Geislaplata**

- *Perlur klassískrar tónlistar*. 1999. Tónaflóð-Undraland, Reykjavík. [Geislaplata].

- **Heimildarmynd**

- Björn Th. Björnsson. [Án árs]. *Á Hafnarlóð*. Umsj. Björn Th. Björnsson. 140 mín. Saga film, Reykjavík. [Myndband].
- *Átök við aldhvörf. Tuttugasta öldin 1927-1940*. Framl. Jónas Sigurgeirsson, þulur Broddi Broddason. 40 mín. Námsgagnastofnun, Reykjavík. [Myndband].

- **Kvikmynd**

- *Platoon*. 1986. Framl. Arnold Kopelson og leikstj. Oliver Stone. 120 mín. MGM Home Entertainment, Santa Monica. [Myndband].

Útvarp og sjónvarp

- Kolbrún Bergþórsdóttir. 2000. *Maður er nefndur – Indriði G. Þorsteinsson, rithöfundur*. Ríkisútvarpið, Sjónvarpið. 10. júlí.
- Steinunn Harðardóttir. 2000. *Út um græna grundu*. Ríkisútvarpið, Rás 1. 1. júlí.

Bæklingar

- Lárus Helgason. 1996. *Þunglyndi. Leiðbeiningar fyrir sjúklinga og aðstandendur*. Endurútg. Fræðslurit, nr. 1. Delta, Hafnarfjörður.

Höfundar og ártals ekki getið:

- *Þunglyndi. Algengur sjúkdómur sem ber að meðhöndla.* [Án árs]. GSK, Reykjavík.

Glósur úr kennslustund

- Ingveldur Guðný Sveinsdóttir. 2010. Uppbygging heimildaritgerðar. *Glósur úr kennslustund í samfélagsfræði*. 7. janúar 2010. Hvolsskóli. Glósur: Nafn viðkomandi nemandi.

Annað

- **Vitnað til laga**
 - Lög um atvinnuréttindi útlendinga 2002 nr. 97.
- **Munnlegar heimildir**
 - Steindís Tyrfingsdóttir. 2005. Viðtal höfundar við Steindísi Tyrfingsdóttur umáletranir í manngerðum hellum á Suðurlandi, 17. janúar.
- **Ræða eða fyrirlestur**
 - Birgir Ísleifur Gunnarsson. 2003. „Lítill verðbólga einn af hornsteinum hagvaxtar og velmegunar.“ Ræða flutt á ársfundi Seðlabanka Íslands , Reykjavík 21. mars.